

Bstj. 1. desember 2009

3. mál Umræða um fjárframlög, hagsmunatengsl og hæfi borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Gunnar Hólm Hjálmarsson: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég legg fram svohljóðandi bókun:

Undir 3. lið dagskrár þessa borgarstjórnarfundar er umræða um fjárframlög, hagsmunatengsl og hæfi borgarfulltrúa að beiðni Ólafs F. Magnússonar. Áður stóð til að Ólafur flytti tillögu um að Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti að fela innri endurskoðun borgarinnar að rannsaka fjárframlög sem Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri þáði frá Landsbankanum vegna prófkjörs fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Ósk Ólafs um að flytja tillöguna var hafnað að því er virðist undir þrýstingi borgarstjóra. Á síðustu stundu eftir að dagskrá borgarstjórnarfundar í dag hafði verið prentuð út og lögð fram voru öll gögn innkölluð og dagskrá breytt til að færa tillögur Ólafs aftar á dagskrána sem átti að vera í upphafi fundar. Í tillögunni sem áður er nefnd skyldi jafnframt athugað með hagsmunatengsl Hönnu Birnu Kristjánsdóttur við stjórnendur og eigendur Landsbankans, sem ætla má að geri hana vanhæfa til að taka sjálfstæða ákvörðun sem kjörinn fulltrúi í málefnum tengdum staðsetningu Listaháskóla Íslands við Laugaveg, þar sem Landsbankinn var lykilaðili málsins.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er kjörnum fulltrúum skylt að taka ákvarðanir út frá eigin sannfæringu. Þeim ber að sjálfsögðu að greina frá því ef um óeðlileg hagsmunatengsl er að ræða. Nýlega hefur verið birt frétt á forsíðu DV um að Hanna Birna Kristjánsdóttir hafi þegið fjárframlög frá Landsbankanum í prófkjöri fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi minntist á þetta á síðasta borgarstjórnarfundum og hefur áður margkrafið Hönnu Birnu Kristjánsdóttur um það hvort rétt sé að hún hafi þegið framlög frá Landsbankanum áður. Hún hefur ætíð vikið sér undan því að svara. Hún gekk hart fram fyrir hagsmuni bankans og eigenda hans þegar hún barðist fyrir staðsetningu þess risamannvirkis sem verðlaunatillaga um Listaháskóla var og kallaði á umtalsvert niðurrif og hreina skrumskælingu á götummynd Laugavegarins vestan Frakkastígs. Þetta er enn alvarlegra þegar til þess er litið að í janúar 2008 undirritaði Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, málefnasamning F-lista og D-lista þar sem eitt höfuðatriðið var að verja skyldi gamla götummynd Laugavegarins. Það er eindregin skoðun borgarstjórnarflokks F-listans að nú þurfi að lofta út úr Ráðhúsinu og Hanna Birna láti af starfi borgarstjóra á meðan sterkar vísbendingar um pólitíska spillingu hjá henni hennar eru rannsakaðar ofan í kjölinn.

Forseti: Borgarfulltrúi Gunnar Hólm Hjálmarsson hefur lokið máli sínu og til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 1. desember 2009

**3. mál Umræða um fjárframlög, hagsmunatengsl og hæfi borgarfulltrúa
(að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það er auðvitað með hreinum ólíkindum að borgarfulltrúinn skuli ekki vera vandaðri að virðingu sinni en svo að koma hér upp og lesa þetta sem hann gerði hér áðan, sem greinilega er skrifað af borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni sem ekki getur verið hérna með okkur í dag vegna þess að hann er staddur erlendis. Og notar þau vinnubrögð að tala um það að menn hafi verið að breyta hér dagskrá eða eitthvað slíkt. Það hefur staðið til í langan tíma, þetta er fastur borgarstjórnarfundur hér á þriðjudögum kl. 14 og stóð til að breyta því ef það hefði verið fjárhagsáætlunarmræða í gangi en ekki að öðrum kosti. Og ég undrast það mjög að Gunnar Hólm borgarfulltrúi skuli yfirleitt láta hafa sig í að gera það sem hann gerði hér rétt áðan og lesa upp það sem hann las upp.

Og ég ætla hér aðeins að rökstyðja það vegna þess að Ólafur F. Magnússon hefur farið mikinn í fjölmiðlum í dag og jafnvel látið svo lítið að senda út fréttatilkynningar um það að hann ætli að flytja hér tillögu í dag þegar tillagan er ekki á dagskrá fundarins og var ekki talin tæk. Það er þess vegna með hreinum ólíkindum að borgarfulltrúinn sem stóð hér upp áðan skuli samt sem áður leyfa sér að lesa slíka hluti. Vegna þess að hún var ekki talin tæk inn á dagskrá vegna þess að hún stenst ekki fundarskóp borgarstjórnar. Samþykktir borgarstjórnar heimila ekki þær dylgjur sem fram koma í því efni sem var lesið hér upp áðan.

Og við skulum bara aðeins fara yfir málið vegna þess að borgarfulltrúinn flytur hér þessar kveðjur frá Ólafi F. Magnússyni, þar sem því er til dæmis haldið fram að sú sem hér stendur hafi komið að ákvörðun um staðsetningu þessa húss, þessa listaháskóla. Þá skal ég bara upplýsa að ákvörðun um það var tekin hér og staðfest í Borgarstjórn Reykjavíkur 7. desember 2007 undir dyggri stjórn forseta borgarstjórnar þáverandi, Ólafs F. Magnússonar. Ákvörðunin sem borgarfulltrúinn gerir svona mikið úr var semsagt tekin í meirihlutatíð og eðlilega og málefnalega að því staðið af hálfu borgarstjórnans þáverandi í Reykjavík, Dags B. Eggertssonar. Þegar borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon, sem fer mikinn út af málinu, var forseti borgarstjórnar.

Bstj. 1. desember 2009

Svo skellir hann málinu yfir á þá sem hér stendur sem þá var í minnihluta. Eina aðkoma mín að málinu er sú að fylgja þeirri ákvörðun eftir þegar ég tek við sem formaður skipulagsráðs í janúar. Og ég held að borgarfulltrúinn sem stóð hér upp áðan ætti að hringja í borgarfulltrúann vin sinn, Ólafur F. Magnússon, og benda honum á að vera minnugur þess hvernig umrædd ákvörðun var tekin, hver stóð að henni, áður en menn fara með svona dylgjur af stað. Og leyfa sér að halda því fram að ég hafi tekið þessa ákvörðun er rangt. Hún var tekin af þáverandi meirihluta, studd af öllum, enda eðlilega og málefnalega framborin af þáverandi borgarstjóra, Degi B. Eggertssyni. Þetta er skjalfest í fundargerðum borgarráðs frá 29. nóvember og var staðfest hér í borgarstjórn undir dyggri forystu þáverandi forseta borgarstjórnar sem greinilega var ekki betur vakandi en svo að hann man ekki eftir að hafa afgreitt það.

Svo leyfa menn sér að standa hér upp og dylgja um þessa hluti. Og ég ítreka það að það er með hreinum ólíkindum að menn skuli láta hafa sig í slíkan leik. Og vegna þess líka að menn draga inn í þetta einhvern fjárstuðning í prófkjöri þeirrar sem hér stendur. Það hefur aldrei verið neinn, ég hef aldrei leynt því, að ég tók þátt í prófkjöri árið 2005 eins og flestir sem hér eru. Ég og mitt framboð naut til þess stuðnings frá fjölda einstaklinga og fyrirtækja og ég mun, líkt og allir sem hér eru, upplýsa Ríkisendurskoðun um það að sex fyrirtæki studdu þá sem hér stendur um 200.000-500.000, enginn styrkur var yfir 500.000 og hefur aldrei haft nokkur einustu áhrif á þá sem hér stendur, enda var ég ekki, frekar en flestir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, upplýst um þá styrki vegna þess að þeir voru í höndum sérstakrar nefndar sem heldur utan um það. Það eru kannski vinnubrögð sem þekkjast ekki á vettvangi Frjálslynda flokksins, ég ætla ekki að fullyrða um það, en mér var aldrei kunnugt um þau fjárframlög fyrr en Ríkisendurskoðun óskar eftir persónulegri aðkomu hvers og eins frambjóðanda þar sem við þurfum að undirrita plögg frá okkar fjármálastjórn. Það er fyrst þá sem ég verð upplýst um það.

Þannig að það hafa aldrei verið nein leyndarmál í þessu máli eða ég legið á því. Og að reyna að dylgja síðan um það að framlög til mín í prófkjöri tengist ákvörðun sem tekin var í meirihlutatíð Ólafs F. Magnússonar undir hans forsæti er

Bstj. 1. desember 2009

náttúrlega algjörlega með ólíkindum og ég undrast það og ítreka það að borgarfulltrúinn sem hér stóð upp áðan skuli láta hafa sig í að flytja slíkar fregnir. Áður en menn gera svo mikið með að kanna það hvenær ákvörðunin var tekin. Það eina sem ég gerði í þessu máli, þáverandi formaður skipulagsráðs, var að fylgja eftir samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur, samþykkt borgarráðs, um það að borginni bæri að vinna með ríkisvaldinu og Listaháskóla Íslands að því að skoða málið á þessum reit. Þannig að ef einhver hefur eitthvað óhreint í pokahorninu varðandi þetta mál, þá er það borgarstjóri þáverandi, Ólafur F. Magnússon, sem vildi ekki vinna eftir samþykkt borgarstjórnar. Borgarstjórn er lýðræðislega kjörin stofnun sem samþykkti hér samhljóða með atkvæði Ólafs F. Magnússonar að við skyldum vinna með ríkisvaldinu að þessari framkvæmd. En síðan þegar Ólafur F. Magnússon verður borgarstjóri þá allt í einu hvorki kannast hann við ákvörðunina né man eftir því hvenær hún var tekin og kemur síðan og kennir einhverjum allt öðrum um og lætur svo lítið að tengja það við einhvern stuðning í prófkjöri.

Algjörlega með hreinum ólíkindum að menn skuli bera slíkt á borð Borgarstjórnar Reykjavíkur og dylgja um slíkt sem auðvitað á enga stoð í raunveruleikanum, ótrúlega ómálefnalegt. Og það er vont að borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon skuli ekki vera hér því hann þarf auðvitað að svara fyrir það hvað hann var að gera þegar hann rétti upp hönd hér í þessum sal og hvers vegna í ósköpunum hann veit ekki hvenær ákvörðunin var tekin og heldur því fram að undirrituð hafi tekið ákvörðunina undir einhverskonar þrýstingi frá Landsbanka Íslands. Það var ríkisstjórn Íslands, Listaháskóli Íslands, sem tóku þessa ákvörðun. Þannig að Ólafur á að snúa sér eitthvað allt annað og ákvörðunin hafði verið tekin þegar ég tók við aftur sem formaður skipulagsráðs. En ég ítreka að ég tel að ákvörðunin og tillagan sem þáverandi borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, flutti í borgarráði og var samþykkt hér, hafi verið góð og rétt og ég er sannfærð um að hún var ekki tekin, hvorki af þáverandi borgarstjóra né nokkrum í þessum sal undir nokkrum þrýstingi frá nokkrum einasta aðila. Að reyna að dylgja um eitthvað annað er ekki maklegt og sæmir ekki þeirri stofnun sem Borgarstjórn Reykjavíkur er.

Bstj. 1. desember 2009

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar.

Bstj. 1. desember 2009

**3. mál Umræða um fjárframlög, hagsmunatengsl og hæfi borgarfulltrúa
(að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu sem hér er uppi en held að hana sé fyrst og fremst að rekja til samskipta Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa og Sjálfstæðisflokksins á þessu kjörtímabili. Þau samskipti eru auðvitað öll með eindæmum, þau eru öll með eindæmum. Og vil í raun fyrst og fremst koma hérna upp til þess að biðjast undan því að ákvarðanir sem hér voru leiddar fram í fullri sátt í minni borgarstjóratíð séu dregnar inn í deilur sem síðan stóðu í meirihlutasamstarfi Ólafs F. Magnússonar og Sjálfstæðisflokksins, vegna þess að ég held að þær ákvarðanir eigi ekkert erindi í þessa umræðu eða aðrir heldur en Ólafur F. Magnússon og Sjálfstæðisflokkur.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar hæstvirtur borgarstjóri andsvári.

Bstj. 1. desember 2009

**3. mál Umræða um fjárframlög, hagsmunatengsl og hæfi borgarfulltrúa
(að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég tek undir það með borgarfulltrúanum. Ég held að þær dylgjur sem borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon kýs að fara hér með aftur og aftur í þessum sal, ekki bara í garð þeirrar sem hér stendur heldur í garð flestra sem hér sitja og krefja um heilbrigðisvottorð og allskonar slíka hluti, tengist ákveðnum samskiptum og sárindum af hans hálfu. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir. Og ég er ekki með neinum hætti að draga Dag B. Eggertsson inn í þetta eða reyna að kasta boltanum til hans. Ég ítrekaði margsinnis að ég hefði talið hans tillögu rétta og eðlilega og hún hefði verið borin fram með eðlilegum hætti. Ég er einungis að vekja athygli á því að borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon heldur því fram að sú sem hér stendur hafi borið þessa tillögu fram og formgert hana. Það er rangt. Og rétt skal vera rétt og tillagan var borin fram af þáverandi meirihluta, studd af öllum hér inni, þar með talið borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni, þannig að ég er einungis að benda á staðreyndir málsins.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

**3. mál Umræða um fjárframlög, hagsmunatengsl og hæfi borgarfulltrúa
(að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur borgarstjóra og Ólafs F. Magnússonar beint en tek þó undir með, eins og ég skildi Dag B. Eggertsson borgarfulltrúa, að sjálfskaparvítin eru verstu vítin. En ég verð nú að segja það og hefði viljað segja það beint við Ólaf F. Magnússon sem kvartar yfir því að ekki væri tekið hér, eða ég upplifði það þannig eins og þú last þetta upp hér, borgarfulltrúi Gunnar Hólm, að ekki hefði verið rætt hér um fjárhagsáætlun og því frestað og verið að búa til einhverja dagskrá til að forðast hann, að það var mjög mikilvægur borgarráðsfundur í morgun kl. hálf tíu. Mjög mikilvægur borgarráðsfundur þar sem var lagt fram frumvarp að fjárhagsáætlun og tillögur um ýmislegt, þar á meðal útsvarsprósentuna, þar sem borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon mætti ekki. Hann mætti ekki á þann fund. Hann var búinn að biðja um að fundurinn yrði kl. 10 og þessi fundur var kl. hálf tíu og skipti gríðarlegu máli í þessu máli öllu en ég get líka upplýst það hér að það var að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna sem fjárhagsáætlunarumræðunni eða framlagningu frumvarpsins var frestað frá þriðjudegi til fimmtudags og það var vegna þess að við töldum okkur þurfa að fara betur yfir málin.

Nú, hvað varðar það mál sem hér er lagt fram þá höfum við farið yfir það og ég hef farið yfir það með borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni að það er ekki hægt, borgarstjórn getur ekki skyldað borgarfulltrúa til þess að leggja fram upplýsingar um styrki til þeirra persónulegu framboða. Við fórum í gegnum það og þess vegna lögðum við Ólafur F. Magnússon saman fram tillögu fyrir nokkuð löngu síðan um það að þeir borgarfulltrúar sem þess óska, að þeir borgarfulltrúar sem þess óska geti fengið innri endurskoðun til þess að fara yfir þessi mál fyrir sig þannig að það sé hægt að leggja það fram á trúverðugan hátt.

Hins vegar vil ég segja það og ég hef sagt það hér áður og svo sem gert það líka annarsstaðar, að mér finnst það skipta máli að það sé upplýst um stóra styrki til einstakra borgarfulltrúa og það kemur einmitt hæfinu við. Ég held að það sé í það minnsta þess virði að hugsa það mál að ef að kemur mál inn á borð viðkomandi borgarfulltrúa sem tengjast aðila sem styrkt hefur hann verulega, þá eigi hann að

Bstj. 1. desember 2009

lýsa yfir vanhæfi. Við þurfum að mínu mati að skoða þetta vel, kannski í tengslum við siðareglur eða hvernig við gerum það. En mér finnst þetta ekki skipta minna máli en annað og auðvitað vitum við það að til dæmis hafa aðilar sem voru orðnir mjög umsvifamiklir í miðborginni og búnir að sölsa undir sig stóra reiti til bygginga styrkt einstaka borgarfulltrúa um mjög háar upphæðir. Og það má vel vera að upplýsingar um þetta komi fram síðar, kannski í skýrslunni sem verður lögð fram fyrir Alþingi um hrúnið eftir áramót.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er umræðu lokið. Þá er tekið fyrir 4. mál á dagskrá sem er fundargerð borgarráðs frá 19. nóvember, fundargerð borgarráðs frá 22. nóvember, fundargerð borgarráðs frá 26. nóvember, 16. liður er kosning fulltrúa í hverfisráð Breiðholts. Til máls tekur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

[Bókun flutt síðar á fundinum]

**3. mál Umræða um fjárframlög, hagsmunatengsl og hæfi borgarfulltrúa
(að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla að gera grein fyrir bókun meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og hún er sem hér segir ... vegna tillögu Ólafs F. Magnússonar fyrir á fundinum, það var seinni tillagan hans, hvernig sem yfirskriftin á henni var. Eða bókunin hans, já, um hæfi og það allt saman. Hún er sem sagt svona:

Það fer að verða fastur liður í dagskrá borgarstjórnar að Ólafur F. Magnússon fari með stóryrði og algjörlega órökstuddar ásakanir í garð borgarfulltrúa. Fundurinn í dag er enginn undantekning, þrátt fyrir það að borgarfulltrúinn hafi ekki séð sér fært að mæta á fundinn vegna ferðar erlendis. Borgarfulltrúar hafa kosið að líta framhjá þessu um langan tíma, enda vilji borgarstjórnar að umræðan á þessum vettvangi sé með öðrum og málefnalegri hætti. Dylgjur borgarfulltrúans um meint hagsmunatengsl borgarstjóra eru algjörlega úr lausu lofti gripnar, enda virðist Ólafur F. Magnússon ekki þekkja staðreyndir málsins eða hafa áhuga á fara með rétt mál. Hið rétta í málinu er að Ólafur F. Magnússon var forseti borgarstjórnar þegar Reykjavíkurborg samþykkti makaskiptasamning, að tillögu þáverandi borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar, sem gerði Listaháskólanum kleift að efna til samkeppni um byggingu skólans við Laugaveg. Þessi ákvörðun var staðfest í borgarstjórn 4. desember 2007, sama dag og hann var kjörinn forseti borgarstjórnar. Þegar meirihluti F-lista og Sjálfstæðisflokks tók við í janúar næsta ár var ákvörðunin þannig þegar tekin og ekkert annað gert þá en að fylgja þeirri sameiginlegu ákvörðun borgarstjórnar eftir. Engin rök eru því fyrir þeim málalítilbúnaði sem hér er borinn á borð og honum alfarið vísað á bug.